# Bréf frá Guðmundi Ólafssyni 1931

Bjarni Benediktsson – einkabréf – Guðmundur Ólafssson –1930 – 1931

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-6, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifa 30. maí 1931.

Reykjavík 6. maí 1931

Kæri vinur!

Ég þakka bréf þitt. Mér hefir nú loks tekist að afla mér upplýsingar um norræna lögfræðingamótið, sem halda á í Stokkhólmi 27-29. ágúst í sumar. Fyrir mótum þessum gengst félag, sem heitir Det nordiska juristförbundet, en deildir af félagi þessu eru í hverju hinna norrænu landa. Forseti Íslandsdeildarinnar er Eggert Briem hæstaréttardómari, og sagði hann mér, að til þess að taka þátt í mótinu yrði maður að vera meðlimur í einhverri deildinni, en stjórn hennar sendi síðan sambandsstjórninni hverjir væri meðlimir ~~hennar~~ deildarinnar og ættu allir meðlimur kost og rétt á að taka þátt í mótunum, en þyrftu sennilega að gefa sig fram á skrifstofu mótsins 2-3 dögum áður en það væri haldið. Innritaði ég þig síðan í deildina og greiddi 15 kr. innritunargjald, sem Baldur endurgreiðir mér.

Við erum 6, sem sækjum um Sáttmálasjóðsstyrk, þú, ég, Jónatan, Hákon, Thorlacius og Þórhallur Sæmundsson. ~~Sagt~~ Ekki er búið að úthluta honum enn þá, en sagt er mér að slagur standi í deildinni um principið í styrkveitingunum. Sagt er að Ólafur vilji hafa fáar stórar styrkveitingar, en Einar vill víst láta alla fara svipstir ~~er~~ utan, og ekki leggja -

svo mikið upp úr því, hvort menn gleypi mikinn jus í sig eða ekki. Ég muna skrifa þér strax og ég fæ fréttir af útkomunni, en ég hef mikinn hug á að fara á fundinn í Stokkhólmi í sumar.

Héðan eru allmiklar politískar fréttir að flytja. Cen sennilega munt þú nú vera búinn að lesa blöðin, svo lítið munt þú græða á að ég fari að segja þér frá því í stuttu bréfi.

Kosningar fara fram 12. júní n.k. og framboð fara að verða kunn innan skamms. Er margt skrafað um það nú, en áreiðanlegar fregnir get ég fáar flutt þér. – Jakob Möller og Magnus doc. verða víst efstir á lista Sjálfstæðismanna í Rvk. Héðinn og Sigurjón á lista Jafnaðarmanna. Guðjón Benediktsson og Brynjólfur Bjarnason af lista kommunista. Sagt er að Guðm. Finnbogason komi fram með lista í Reykjavík, sem hafi á stefnuskrá sinni Stjórnarbót Guðmundar og afnám áfengislaganna, en hvort hann verði studdur í þessu áformi sínu, er mér ókunnugt um, en sagt er að Sjálfstæðismenn reyni mjög til þess. Jón gamli Ólafsson fer í Rangárvallasýslu. Stefán Jóh. í Hafnarfjörð og á móti honum Bjarni læknir Snæbjörnsson. Torfi Hjartarson fer í Mýrasýslu. Sigurður Jónasson í Vestmannaeyjar, þar verður líka Ísleifur Högnason af kommunistum. Á Akureyri fara fram á móti Erlingi þeir Einar kommunisti Olgeirsson og Guðbrandur Ísberg af Sjálfstæðismönnum. Er það afar merkileg ráðstöfun. Sigurður Hlíðar læknir og Björn Líndal vildu báðir fara fram, en Sjálfstæðismenn á Akureyri flýttu sér að stilla upp á meðan þeir voru báðir í Reykjavík, þótti vissara að hafa þá ekki á Akureyri, er ákvörðun var gerð. Annars verða kosningarnar í sumar afar spennandi, það er afar illt að sjá hvernig menn munu taka

afstöðu til Framsóknarflokksins nú ~~eftir~~ við kosning-
arnar. Kosningarnar snúast fyrst og fremst um
það hvort menn vilja hafa sömu stjórn við völd
framvegis og ~~er~~ um kjördæmaskipunina.

Framsóknarmenn túlka það með afarsterkum
litum hve afskaplega illa muni fara fyrir
landi og þjóð, er Reykjavíkurvaldið eigi að fara
að ráða öllu á þessu landi. Enn fremur að
ef Sjálfstæðismenn komist til valda, muni
stjórn þeirra verða afar veik, og deilan milli
hinna harðsnúnu „öfgaflokka“ harðna afskap-
lega, sérstaklega verði kaupdeilur og læti miklar
hér á næsta ári, því jafnaðarmenn muni verða
heimtufrekir mjög. Yfirleitt prédika þeir ákaf-
lega mikið með sinni frægu milliflokkapólit-
ík. Það einkennir þessar kosningar hvað um-
ræður allar fara fram á breiðum grundvelli.
Dægurmálin eru yfirleitt lítið nefnd, nema
þá er verið er að skamma stjórnina fyrir fjár-
málasukkið. Verður þetta ákaflega mikið til þess
að skýra flokksmörkin, og má búast við að
þau verði orðin það, ef við fáum tvennar al-
þingiskosningar á þessu ári.

Útlit er helst fyrir að stjórnarskrár breyting
verði gerð á þinginu í sumar, sem með þurfa til
þess, að breyta kjördæmaskipuninni og breytingu
þeirri, sem verður á skipun alþingis. Samþykkja
breytingarnar síðan á næsta þingi, gera lög um nýja
kjördæmaskipun og ~~kjósa~~ láta síðan kosningar
fara fram í nýju kjördæmunum; bráðabirgða-
ákvæði verður í stjórnarskránni um þær kosningar,
til þess að skipun alþingis komist strax í það
horf, sem hin breytta kjördæmaskipun gerir ráð fyrir-

Jeg ætla nú ekki að tala meira um þorskinn. Hér er nú sem stendur professor Oluf Krabbe frá Kaupinhöfn og er hann að halda fyrirlestra í refsirétti. Hefir hann þegar haldið 3 um glæpi alment, og hvernig verjast eigi glæpunum. En síðar mun hann halda 8 eða 9 fyrirlestra um nýjio hegningarlögin dönsku. Maðurinn er ágætilegur og hafa fyrirlestrar hans verið fróðlegir.

Gísli Bjarnason er kominn heim úr sinni siglingu og farinn að vinna í Stjórnarráðinu. Tofi er samt kyr ennþá í Fjármálaráðuneytinu, og hefir þar fulltrúalaun, þótt ekki hafi hann löggildingu sem fulltrúi.

Sagt er að Ólafi Lárussyni gremjist mjög hvernig Gísli og Gunnlaugur Briem notaði styrk sinn og vilji því fækka styrkjum og hafa þá stærri.

Gísli fengist eins og þú er kunnugt til Ítalíu, Parísar og Þýskalands til að skemmta sér og lét síðan skera sig upp í Höfn svo búast má við að honum hafi orðið lítið úr námi. Gunnlaugur var hinsvegar á brúðkaupsferð.

Jeg slæ síðan botn í þetta.

Bið að heilsa þeim, sem ég kann að þekkja í Berlín!

Kveð þig síðan

Guðmundur

Sendi jólakort
7-des.!!

Reykjavík 4. ágúst 1931

Kæri vinur!

Það hefir dregist allmjög fyrir mér að svara síðasta bréfi þínu. Jeg hafði hug á að fara með þér á lögfræðingamótið í Stokkhólmi, en því miður getur ekki orðið af því. Jeg hafði hugsað mér að fá 1½–2 mánaða frí og sigla. En jeg gat ekki fengið þetta leyfi. Jeg hef nefnilega verið allmikið fjarverandi júní og júlí mánuð og var sú fjarvera, sem að mestu leyti var hreint frí látin gilda sem mitt sumarfrí. Það er svipað með Hákon að segja. Hann ætlaði með „Óðni", sem er að fara til viðgerðar til Khafnar, en þegar til kom bönnuðu skipaeftirlitsmennirnir að „Óðinn" taki farþega, svo að ekkert varð úr þessu ferðalagi hans. Hann vildi sem sagt ekki fara að steypa sér í miklar skuldir vegna skemtiferðar.

En þó nú að svo illa takist til að við Hákon verðum þarna hvorugir þá munt þú samt sjá Íslendinga á mótinu.

Ólafur Lárusson ætlar þangað og sömuleiðis Ásgeir frá Nesi. Ásgeir er að fara til

Hamborgar núna í kveld með „Goðafossi“ og hann mun víst heilsa upp á þig, ef hann kemur til Berlínar.

Héðan er fátt að frétta.

Þingið kom saman 15. júlí, en stjórn er samt en ómynduð og er sagt að hún muni ekki koma fram á sjónarmiðið fyrr en í þinglok, sem mun víst verða síðast í ágúst.

Þingið í sumar verður ákaflega afkastalítið. Sennilega verður það alt, nema fjárlög, og eitt hvað smávegis, látið bíða vetrar þingsins.

Pétur kom hingað í fyrradag, en ég hefi ekki séð hann enn þá.

Hákon bað mig að skila kveðju til þín, hann sagðist ekki mundu hafa tíma til þess að skrifa þér núna, en það er síðasta tækifærið áður en þú ferð til Stokkhólms.

Með kveðju
Guðmundur